

Kæru foreldrar

Um leið og við bjóðum ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Foreldrar þurfa að meðtaka mikið af upplýsingum í byrjun skólagöngu og því er tilvalið að hafa sem mest af upplýsingum á einum stað. Við í Lundabóli hlökkum til samvinnunnar og vonum að þessi handbók komi að góðum notum.

Leikskólagjöldin eru greidd mánaðarlega og er sérstakt gjald í foreldrasjóð inni í gjöldunum. Greidd eru leikskólagjöld 11 mánuði á ári og er júlí mánuður ávallt gjaldfrír nema ef börnin eru að hætta og fara í grunnskóla.

Foreldrar eru beðnir um að virða þann tíma sem þeir kjósa að kaupa og þar með vinnutíma starfsmanna leikskólans sem eru ráðnir með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma.

Leikskólinn er opinn frá 7:30 -17:00 – sími: 5919330

Heimasíða: lundabol.is

Netfang lundabol@leikskolarnir.is

Leikskólastjóri er Björg Helga Geirsdóttir bjorgg@leikskolarnir.is

Aðstoðarleikskólastjóri er Harpa Tómasdóttir

harpat@leikskolarnir.is

Deildin heitir:

Deildarstjóri:

Starfsmenn deildarinnar eru:

Leikskólinn Lundaból

Í Lundabóli eru starfandi þrjár leikskóladeildir Lyngið, Laufið og Lerkið. Þar dvelja 64 börn samtímis á aldrinum 12 mánaða til 6 ára og um tuttugu starfsmenn.

Umhverfi leikskólans er rólegt, friðsælt og nýtur hann góðs af frábærri staðsetningu þar sem umferð og umferðarhraði er í lágmarki.

Leikskólinn vinnur samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámsskrá leikskóla sem gefin er út af menntamála -ráðuneytinu 2011 og skólanámsskrá Lundabóls, (nánar á heimasíðu leikskólans www.lundabol.is)

Í Lundabóli vinnum við með grunnþætti menntunar en það er:sköpun, sjálfbærni, mannréttindi, læsi og jafnrétti ásamt því að leggja áherslu á leikinn sem náms og þroskaleið. Börnin fá tækifæri til að taka þátt í mótun leikskólans. Þau verða sjálfstæðir og kraftmiklir einstaklingar sem hafa mikið um sinn leikskóla að segja. Barnið sjálf er í brennideplí í allri okkar skipulagningu og lögð er áhersla á að starfshættir taki ávallt mið af þroska og þörfum einstaklinganna, virki hina miklu athafnaþörf barnsins og vekji upp áhuga þess, gleði og virðingu fyrir sjálfu sér öðrum og umhverfi sínu. Lögð er áhersla á hlýju í samskiptum barna á milli og milli starfsfólks og barna.

Gildin okkar

Gleði, virðing og samvinna

Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Áriðandi er að góð samvinna takist strax í byrjun á milli foreldra barns og starfsfólks. Gagnkvæmur trúnaður og samvinna er forsenda þess að barninu líði vel.

Góð aðlögun styrkir öryggistilfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum. Hlutverk foreldranna er að veita barninu öryggi og styðja það áfram þannig að barnið geti kynnst öllu því nýja á öruggan hátt.

Aðlögunarferlið er alltaf einstaklingsbundið og getur tekið mislangan tíma. Foreldrar fylgja börnum sínum í aðlögun sem skipulögð er í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk. Sami starfsmaður sér um aðlögun barnsins og fylgir því eftir.

Foreldrar þurfa að gera ráð fyrir u.þ.b. vikutíma í aðlögun barnsins.

1.dagur:

Fyrsta heimsókn barnsins á deildina.

Starfsmaður tekur á móti barninu og foreldrunum

og sýnir þeim deildina. Miðað er við 2 klukkutíma heimsókn.

2. dagur:

Foreldri/foreldrar og barn dvelja 2 – 3 klukkustundir í leikskólanum.

Foreldri reynir að halda sig til hlés en er samt á staðnum til að veita barninu öryggi.

3.dagur:

Foreldri er með barninu í stutta stund og fer frá í fyrirfram ákveðin tíma. Mikilvægt er að kveðja barnið og að kveðjustundin taki ekki of langan tíma. Þetta getur reynst mörgum börnum erfitt í fyrstu en venjulega jafnar barnið sig fljótt og unir sér vel í leik og starfi.

Ef tímalengdin er barninu ofviða er hringt í foreldra fyrr.

4. dagur

Foreldri er með barninu í stutta stund og fer frá í fyrirfram ákveðin tíma. Mikilvægt er að kveðja barnið og að kveðjustundin taki ekki of langan tíma.

Barnið dvelur nú lengur í leikskólanum en samt aldrei lengur en 5- 6 tíma

5.dagur:

Barnið er nánast fullan tíma í leikskólanum, og ef vel gengur er formlegri aðlögun lokið.

Komu og brottfarir

Nauðsynlegt er að láta starfsfólk vita þegar komið er með barn í leikskólann og að sama skapi þegar barn er sótt. Það er einnig mikilvægt að tilkynna starfsfólki ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja barnið.

Þetta er mikilvægt öryggisatriði

Fataherbergið

Börnin eiga sinn stað í fataherberginu. Í hólfi barnsins er plastkassi fyrir aukaföt og í honum á að vera:

Nærföt/samfellur
Sokkar/sokkabuxur
Peysa/buxur

Barnið þarf að hafa fjölbreyttan fatnað í leikskólanum, eftir árstíma:

Pollagalli/vindgalli/snjógalli
Stígvél/kuldaskór/strigaskór
Húfa, lambhúshetta/buff/derhúfa
Ullarvettlinga/vatnsheldir vettlingar
Hlý peysa/buxur/sokkar

Hafa ber í huga að leikskólinn er vinnustaður barnanna og þess vegna þurfa börnin að koma í þægilegum vinnufatnaði sem þolir hnjask og má óhreinkast.

Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað barnanna vel.

Foreldrar tæma hólfin á föstudögum og fylla á á mánudögum. Athugið að leikskólataskan er ekki geymd í leikskólanum.

Máltíðir

Leikskólinn sér um morgunmat, hádegisverð og síðdegishressingu.

Leitast er við að hafa hollan og góðan mat á borðum. Mikið er um að brauðið og matur er eldaður frá grunni.

Grænmeti og eða salat er með öllum mat. Hafragrautur, AB-mjólk og morgunkorn er í boði á hverjum morgni, ásamt lýsi og rúsinum, börnin fá ávexti daglega. Látið deildarstjóra strax vita ef barn hefur ofnæmi fyrir einhverjum fæðutegundum. Skila þarf inn læknisvottorði ef barnið er með ofnæmi fyrir einhverri fæðu og þarf að fá sérfæði.

Dagskipulag

Í leikskólanum er skipulögð dagskrá. Við teljum að það sé gott fyrir börnin að hafa ákveðna rúttínu yfir daginn og vita hvað gerist næst. Það er grundvöllur að öryggistilfinningu. Með þektri dagskrá vita börnin að hverju þau ganga á degi hverjum og skipulagið kemur í veg fyrir óþarfa biðtíma og árekstra í samskiptum.

Kl 7:30	Leikskólinn opnar, rólegur leikur
Kl 8:20	Morgunverður
Kl 8:50	Samverustund
Kl 9:00	Hópastarf alla daga
Kl 9:40	Ávaxtastund/útivera
Kl 11:00	Samverustund
Kl 11:20	Hádegisverður / hvíld
Kl 13:00	Frjáls leikur/salur/hvíld
Kl 14:30	Samverustund/nónhressing
Kl 15:00	Hópavinna/val/útivera
Kl 16:00	Ávaxtastund/rólegur leikur
Kl 17:00	Leikskólinn lokar

Leikskólabók/námssögur

Öll börn í Lundabóli eiga **leikskólabók** en bókin er samvinnuverkefni barns, foreldra og starfsfólks leikskólans (sjá nánar á lundabol.is undir flípanum foreldrar/fjölskylda). Markmiðið með bókinni er m.a. að kynna nánustu fjölskyldu barnsins, veita innsýn í lífið og starfið í leikskólanum, vera umræðu-grundvöllur í foreldrasamtölum og varðveita minningar barnsins á leikskólaárunum. Bókin fylgir barninu í gegnum leikskólagönguna og fær barnið hana til eignar þegar það hættir í leikskólanum.

Heimasíðar

Lundaból er með heimasíðu lundabol.is þar sem er að finna ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfið. Hver deild er með sitt svæði og setjum við myndir og frásagnir á deildarsíður barnanna ásamt því að setja inn fréttir með myndum á forsíðuna. Við notum heimasíðuna til að miðla upplýsingum til foreldra og sýna hvað við erum að vinna með hverju sinni.

Hópastarf

Börnunum er skipt í litla hópa og hver hópur sinn kennara. Unnið er í hópunum á hverjum degi.

Uppábrot

Nokkrum sinnum yfir skólaárið erum við með sérstaka daga dæmi: leikfangadag, náttfatadag, búningadag og rugludag en þá ruglum við aðeins í fatavali og í skipulaginu við mikla kátínu barnanna. Allir svona viðburðir eru vel auglýstir.

Afmæli

Börnin geta komið með ávexti, grænmeti eða rúsínupakka á afmælisdaginn sinn. Þau fá kórónu, sunginn er afmælissöngurinn og það er flaggað í tilefni dagsins.

Lyfjagjafir í leikskólanum

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í undantekningartilfellum t.d. ef barn er haldið langvarandi sjúkdómi eða er með bráðaofnæmi. Ef barn er með bráðaofnæmi er nauðsynlegt að starfsfólk fái fræðslu um rétt viðbrögð.

Veikindi

Veikindi/leyfi ber að tilkynna í leikskólann á Karellen eða með tölvupósti. Miðað er við að börnin séu orðin hitalaus áður en þau komi í leikskólann eftir veikindi og geta þá verið inni 1-2 daga.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru 4 heilir dagar. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með góðum fyrirvara bæði með auglýsingu sem hengd er frammi í fataherbergjum og eins á heimasíðu leikskólans.

Sumarleyfi

Leikskólinn er opinn allt árið og geta foreldrar valið hvenær barnið fer í sumarleyfi en miðað er við 4 vikur samfleytt.

Sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri. Hlutverk hans er að skipuleggja og hafa umsjón með sérkennslu í leikskólanum í samvinnu við foreldra, leikskólastjóra, deildastjóra, og skólaskrifstofu.

Foreldrasamstarf

Uppeldi og menntun barnanna í leikskólanum er samvinnuverkefni starfsfólks leikskóla og foreldra. Gagnkvæmt traust og trúnaður er forsenda góðrar samvinnu. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Við leggjum metnað okkar í að gott upplýsingaflæði sé til foreldra. Í leikskólanum er öflugt foreldrafélag sem stendur fyrir nokkrum uppákomum ár hvert. Foreldraráðið hefur umsagnarrétt um allt skriflegt sem leikskólinn gefur frá sér.

Fastir viðburðir

- Sept . Foreldrafundur þar sem farið er yfir dagskrá vetrarins og verkefni. Það er mikilvægt að foreldrar mæti á þennan fund.
- Des. Aðventukaffi í boði foreldrafélagsins
- Jan. Morgunkaffi- Afakaffi í tilefni bóndadags
- Feb. Morgunkaffi - Ömmukaffi í tilefni konudags
- Maí. Sveitaferð, annað hvert ár, þar sem foreldrar og systkini eru velkomin
- Jún. Sumarhátíð, annað hvert ár, í boði foreldrafélagsins

Slys og óhöpp

Slys og óhöpp geta alltaf átt sér stað. Nauðsynlegt er að leikskólinn sé með réttar upplýsingar hvað

varðar símanúmer ofl. á sérstöku öryggisblaði.

Barnavernd

Lögum samkvæmt ber okkur að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til Barnaverndarnefndar.

Tilkynning okkar er alltaf undir nafni.

**Tekið skal fram að allt starfsfólk leikskólans
er bundið þagnarskyldu sem heldur ef og þegar
látið er af störfum**

Að lokum

Við vonum að þessi bæklingur hafi svarað einhverjum af þeim fjölmörgu spurningum sem geta vaknað þegar barn byrjar í leikskóla. Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðu leikskólans lundabol.is. Við hvetjum ykkur til að hafa samband og láta okkur vita ef eitthvað er ábótavant í starfi leikskólans og einnig er alltaf gaman að heyra ef foreldrar eru ánægðir.

Með von um gott og gæfuríkt samstarf

Starfsfólk Lundabóls

Vor 2018